



Dagsetning
30.nóvember 2004

Umhverfisnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, 235.

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 30.nóvember 2004 var eftirfarandi umsögn samþykkt:

Hafnarfjarðarbæ barst bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 15. nóvember 2004 þar sem lagt var fram til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, 235 mál. Óskað er eftir umsögnum fyrir 1. desember 2004.

Samkvæmt þeim atriðum frumvarpsins er fjalla um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum er takmörkun á veitingu framkvæmdaleyfis ekki lengur í höndum Skipulagsstofnunar, þar sem hún úrskurðar ekki lengur um matsskýrsluna heldur gefur um hana álit. Ákvörðun um matsskyldu er áfram í höndum Skipulagsstofnunar, og drög að matsskýrslu skulu unnin í samráði við hana og auglýst til athugasemda. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og endurskoðun matsskýrslu eru kæránleg til umhverfisráðherra, en sjálf ákvörðunin um framkvæmdaleyfi er nú alfarið í höndum leyfisveitandans og getur hann rökstutt ákvörðun sína á eigin forsendum. Með þessu eru ákvörðunarréttur og ábyrgð sveitarfélaga aukin varðandi veitingu framkvæmdaleyfis. Neikvætt er að þessu getur fylgt aukinn kostnaður fyrir sveitarfélög sem leyfisveitanda við undirbúning framkvæmdaleyfis, án þess að neinir tekjustofnar komi þar á móti. Jákvætt má telja að breytingunni fylgir aukið sjálfsforræði fyrir sveitarfélögin, og visst aðhald er tryggt með því að framkvæmdaleyfisveiting er nú kæránleg til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála á sama hátt og byggingarleyfi. Hafnarfjarðarbær getur þó ekki fallist á að almenningur og félagasamtök með færri en 50 félagsmenn eigi ekki lengur kærurétt varðandi matsskyldu eða matsskýrslur, né heldur sjálfa framkvæmdaleyfisveitinguna, þar sem með því er dregið úr lýðræði og möguleikum hins almenna borgara til að hafa áhrif á framkvæmdir.

Breyting á skipulags- og byggingarlögum er að mestu tilkomin vegna áður nefndra breytinga á lögum um umhverfismat, og gerir Hafnarfjörður ekki sérstakar athugasemdir við þann hluta frumvarpsins.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum afgreiðslu málsins.

Umsögn þessi var áður samþykkt á fundi Umhverfisnefndar Hafnarfjarðar/Staðardagskrár 21.24.nóvember 2004. Fyrirvari er gerður um staðfestingu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á þessum fundargerðum 6.desember 2004.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs